

Reykjavík 6. október 2022

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019

Hinn 22. september 2022 birti innviðaráðuneytið ásamráðsgátt stjórnvalda til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019.

Um er að ræða frumvarp sem sett er fram vegna fyrirhugaðra innleiðinga reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins. Þá eru lagðar til breytingar í ljósi tillagna starfshóps um smáfarartæki. Að lokum eru lagðar til aðrar breytingar, svo sem vegna umferðar á reiðstígum og heimilda ríkisaðila til álagningar og innheimtu stöðugjalda.

Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir nefnd samtökin hafa farið yfir fyrirleggjandi frumvarpsdrög og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

### Endurmenntun bílstjóra

Samtökin fagna þeirri vegferð að hluti endurmenntunar geti farið fram í fjarnámi. Samtökin vilja samhliða benda á að um þessar mundir eru margir bílstjórar að fara í endurmenntun í annað sinn eftir að endurmenntun bílstjóra var tekin upp hér á landi. Ljóst er af samtölum við bílstjóra að námskrá endurmenntunar þarfnast ítarlegrar endurskoðunar og ökuskólar þurfa aukið aðhald til að gera námsgreinar áhugaverðari fyrir þá sem sitja námskeiðin og koma þannig í veg fyrir að nemendur upplifi að um afplánun sé að ræða.

### Aksturs- og hvíldatími bílstjóra

Í frumvarpsdrögunum er kveðið á um að ráðherra fái heimild til að setja reglugerð sem mælir fyrir um skyldu flutningsaðila til að skipuleggja vinnu ökumanns svo að hann komist aftur á bækistöð flutningsaðilans. Þá er mælt fyrir reglugerðarheimild um skyldu flutningsaðila til að bera kostnað af hvíldaraðstöðu ökumanns sem er við störf fjarri eigin heimili. Samtökin leggja mikla áherslu á að slíkar reglugerðir verði í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og að ekki verði um kostnað að ræða fyrir flutningsaðila umfram það sem gildandi kjarasamningar kveða á um.

## Um notkun stöðureita

Í frumvarpsdrögum er mælt fyrir um heimild ráðherra að mæla fyrir um notkun stöðureita og gjaldtöku vegna hennar á landi í umráðum ríkisins, utan þjóðlendna og náttúruverndarsvæða, ásamt því sem ríkisaðila er með samþykki ráðherra gert heimilt að setja slíkar reglur fyrir land í eigin umráðum. Samtökin fara fram á að eiga aðild að undirbúningi slíkra fyrirmæla. Tryggja þarf að ökumenn ökutækja sem lagt er í stöðureiti á því landi sem um ræðir greiði fyrir veitta þjónustu en ekki þriðji aðili sem oft eru ökutækjaleigur og hafa engin tengsl við ökumenn. Þá benda samtökin á að gjaldheimtan þarf að vera sanngjörn og gegnsæ með tilliti til veittrar þjónustu.

## Smáfarartæki

Notkun smáfarartækja hefur jákvæð áhrif á losun CO<sub>2</sub>, dregur úr umferð bifreiða og þar með úr umferðartöfum. Notkun þeirra ætti því að vera jákvæð fyrir samfélagið í heild og það ætti að auka notkun þeirra. Samtökin telja mikilvægara að leggja áherslu á fræðslu og forvarnir en bönn líkt og frumvarpsdrögin gera.

Að því sögðu þá vilja samtökin setja spurningarmerki við margar af þeim hamlandi reglum sem boðaðar eru um smáfarartæki í frumvarpsdrögum og hvetja stjórnvöld til að endurskoða þær. Það gengur t.d ekki upp að setja viðurlög á notendur smáfarartækja eins og þeir séu að keyra bifreiðar.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*